

Reykjavík 8. júní 2010

### Umsögn varðandi drög að orkustefnu fyrir Ísland.

Íslensk náttúra og ósnortin víðerni hennar eru þeir grunnþættir sem draga 70% erlendra ferðamanna til Íslands. Samtökin benda þess vegna á mikilvægi þess að gerð verði landnýtingaráætlun með hliðsjón af ferðaþjónustu og sú áætlun einnig höfð að leiðarljósi við gerð orkustefnu.

Umsögn varðandi orkustefnu er eftirfarandi:

- Í skýringum hugtaka er fjallað um *Verðgildi náttúru* og eru samtökin í meginatriðum sammála því sem fram kemur þar. Þó vilja SAF benda á að verðgili ósnortinnar náttúru er gríðarlegt fyrir ferðaþjónustuna og sakna þess að ekki sé bent á ferðaþjónustu eða ferðamennsku undir þessum lið.
- Samtökin fagna því að orkustefna geri ráð fyrir að tekið sé mið af tækifærum ferðaþjónustu til atvinnusköpunar og það metið til auðlinda engu síður en virkjanleg vatnsföll og háhitasvæði. Einnig vilja samtökin benda á að á sumum svæðum ganga hagsmunir ferðaþjónustu og orkunýtingar saman en á sumum svæðum er samnýting óhugsandi.
- Varðandi Rammaáætlun þá er það skoðun SAF að horfa verði á náttúruauðlindina á mun víðari grunni en gert er í aðferðum Rammaáætlunar og stefna að því að ná saman skipulagi sem horfi til langtímamarkmiða við nýtingu og verndun íslenskrar náttúru. Náttúruverndaráætlun, Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma auk væntanlegrar landnýtingaráætlunar ferðaþjónustunnar þurfa að hafa samhljóm og samþættingu svo vel megi fara. Staða þessara áætlana er í dag óljós og veldur það óvissu og spennu.
- Mikilvægt er að orkustefna byggi á kröfunni um jafnræði og jafnvægi milli náttúruverndar og nýtingar. SAF bendir einnig á nauðsyn þess að huga að fjölgun orkukosta eins og virkjun sjávarfalla.
- Að lokum bendir SAF á að árið 2008 var gjaldeyrisöflun í ferðaþjónustu um 110 milljarðar eða 16,9% af gjaldeyrisöflun þjóðarinnar miðað við Tourism Satellite Account. Samkvæmt orkustefnu er ferðaþjónusta aðeins með um 10% af gjaldeyrisöflun.

Virðingarfyllst



Samtök ferðaþjónustunnar  
Gunnar Valur Sveinsson  
Verkefnastjóri